

## Amtsráðsskýrslur.

Aukafundur amtsráðsins í suðurumdæminu 7. og 8. júní 1882.

Fundurinn var haldinn í Reykjavík af forseta amtsráðsins, amtmani Bergi Thorberg, með amtsráðsmanni Dr. phil. Grími Thomsen og varaamtsráðsmanni kaupmanni Guðmundi Thorgrímson á Eyrarbakka.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

1. Sýslunefndin í Rangárvallasýslu hafði farið þess á leit, að amtsráðið ljeti í tje aðstod sína til þess, að nefnd sýsla fái úr landssjóði eða annarsstaðar frá styrk til að afstýra yfirvofandi hallæri, einkum í Landmannahreppi, annaðhvort endurgjaldslaust, eða með samþykki amtsráðsins, móti endurgjaldi, sem sýslusjódurinn ábyrgdist, og hafði sýslunefndin álitid, að hið minnsta, sem til þessa þyrfti, væri 1000 kr., en í brjefi sínu til amtsráðsins hafði sýslumaðurinn lýst því yfir, að óskilegt væri, að sýslunefndin fengi til umráða allt að 2000 kr., ef hún álitir, að á svo miklu þyrfti nauðsynlega að halda. Amtsráðið ákvað að veita samþykki sitt til, að sýslunefndin mætti taka 2000 kr. lán til að afstýra hallæri með löngum borgunarfresti, og að mæla með því, að lán þetta fengist úr viðlagasjóði. Jafnframt var ákveðið að brýna fyrir sýslunefndinni að verja láninu einungis til að bæta úr sannri þörf og vandræðum, og láta sjer mjög annt um, að hjálpinni yrði útbýtt með ráðdeild og fyrirhyggju.
2. Landshöfðinginn hafði sent amtsráðinu til álita beiðni frá sýslunefndinni í Borgarfjarðarsýslu um, að sýslunni yrði veitt lán að minnsta kosti 16—20000 kr. úr viðlagasjóði, til að bæta úr neyð þeirri, er vofir yfir sýslunni vegna undanfarinna harðinda og skepnufellis, og hafði nefndin hugsað sjer að verja fjenu til að styrkja hreppsfjelög og einstaka menn, er hefðu orðið fyrir miklu tjóni á bjargræðisstofni sínum til að bæta hann aptur, einkum með því að kaupa ærstofn frá öðrum hjeruðum; óskadi nefndin, að lánið mætti endurborgast með vöxtum á 28 árum, þannig að 6% greiddust á ári. Amtsráðið sá sjer ekki fært að samþykkja svo stórt lán, sem sýslunefndin hafði farið fram á, með því endurborgun slíks láns mundi verða sýslunni ofvaxin, og með því eigi heldur voru framkomnar svo ítarlegar skýrslur um ástandið, að það gæti talizt nægilega upplýst, að svo hátt lán væri óumflýjanlega nauðsynlegt til að afstýra hallæri í sýslunni. Þar á móti vildi amtsráðið samþykkja og mæla fram með, að sýslunni yrði veitt allt að 10000 kr. lán til að kaupa búfjárstofn handa þeim, er hefðu orðið fyrir miklum skepnufelli, og að þetta lán yrði veitt með 28 ára borgunarfresti, en ef borgunarfresturinn yrði ákveðinn að nokkrum mun styttri, áleit amtsráðið, að jafnvel endurborgun á 10000 kr. láni mundi verða of þung byrði fyrir sýslufjelagið.

Aðalfundur amtsráðsins í suðuramtinu 30. júní og 1.—3. júlí 1882.

Fundurinn var haldinn í Reykjavík af forseta amtsráðsins, amtmani Bergi Thorberg, með amtsráðsmönnum Dr. phil. Grími Thomsen og prófasti síra Skúla Gíslasyni.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram jafnaðarsjóðsreikning suðuramtsins fyrir árið 1881; var hann yfirskodaður og fannst ekkert við hann að athuga.
2. Forseti lagði fram reikning yfir búnaðarskólagjald suðuramtsins 1881 og reikning

leiguliðasjóðs suðuramtsins fyrir sama ár; voru reikningar þessir yfirskoðaðir, og fannst ekkert við þá að athuga.

3. Vegna þess að forstöðunefnd kvennaskólans í Reykjavík hafði eigi viljað aðhyllast reglugjörð þá fyrir skólann, er forseti hafði samið samkvæmt ákvörðun amtsráðsins á síðasta aðalfundi, skýrði forseti frá, að hann ekki hefði út borgað hinn síðari helming af árstíllagi því, er skólanum hefði verið ætlað úr jafnaðarsjóði fyrir árið 1881. Síðan hefði forstöðunefndin sjálf samið reglugjörð fyrir skólann að mestu leyti samhljóða þeirri, er forseti hafði samið, og óskað að amtsráðið staðfesti hana og hjeldi áfram að veita skólanum fjárstyrk. Amtsráðið yfirfór þessa reglugjörð og samþykkti hana með nokkrum breytingum, og svo framarlega sem forstöðunefndin vildi aðhyllast þessar breytingar, leyfði ráðið að útborga mætti til skólans síðari hluta árgjaldsins fyrir 1881, og veitti skólanum með sama fyrirvara 200 kr. styrk fyrir árið 1882 og sama styrk fyrir árið 1883. Einnig samþykkti amtsráðið breytingar þær, er orðið höfðu á forstöðunefnd skólans. Reikningur skólans fyrir 1880—81 var yfirfarinn.
4. Amtsráðið samþykkti þá ráðstöfun forseta, að sendur hefur verið á þessu sumri búfræðingur til Rangárvallasýslu og Skaptafellssýslu, samkvæmt beiðni hlutadeigandi sýslunefnda, til að leiðbeina mönnum í jarðabótum og ýmsum öðrum atriðum landbúnaðarins. Laun búfræðingsins voru ákveðin 800 kr. fyrir sumarið; var ráðgjört, að hann skyldi verja nokkrum tíma af sumrinu til að gjöra ráðstafanir til að varna framvegis skemmdum af Hafursá í Mýrdal, og var forseta falið að leitast við að fá nokkurn hluta af launum hans veittan af því fje, sem í fjárlögnum hefir verið ætlað til burtveitingar nefndrar ár. Svo ákvað og amtsráðið, í tilefni af nýkominni beiðni frá sýslunefndinni í Árnessýslu, að búfræðingurinn skyldi einnig dvelja nokkurn tíma í þeirri sýslu einkum í Flóanum til að leiðbeina mönnum í vatnsveitingum, svo skyldi hann og yfirvega hverjar varnir kynnu vera tiltækilegar móti sandfokinu í Selvogshreppi.
5. Sýslunefndin í Borgarfjarðarsýslu hafði farið fram á, að stofnaður yrði sameiginlegur búnaðarskóli fyrir suðuramtið og vesturamtið á Hvanneyri í Borgarfirði, en til þessarar jarðar hefir búfræðingur Björn Björnsson fengið kauprett í þessu skyni; hafði sýslunefndin skrifað öllum sýslunefndum í suðuramtinu um þetta málefni og skorað á þær að fara þess á leit við amtsráðið, að þessi jörð yrði valin til að stofna þar búnaðarskóla. En þar eð amtsráðið enn ekki hafði meðtekið neina tilkynningu um þetta efni frá sýslunefndunum og, þar eð því var ókunnugt um, hvernig tekið mundi verða í málið af amtsráði vesturamtsins, er sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu einnig hafði skrifað um það, gat amtsráð suðuramtsins, svo hlynt sem það annars var máli þessu, ekkert ákveðið um það, að svo komnu.
6. Viðvíkjandi beiðni frá premierlieutenant C. Trolle, — er landshöfðingi hafði sent amtsráðinu til álita — um 2000 kr. styrk úr landssjóði til að halda áfram að rannsa saka fiskiveiðarnar við Ísland, voru það tillögur amtsráðsins, að ekki skyldi veita slíkan styrk af því fje, sem tilfært er í fjárlaganna 10. gr. C. 4.
7. Forseti skýrði frá, að landshöfðinginn hefði fallizt á þá tillögu sína að 161 kr. 58 a., sem eptir var óeytt af því fje, sem fyrir árið 1881 var veitt til eflingar búnaði, mætti verja til að kaupa fyrir jarðyrkjuverkfæri, sem útbýtt skyldi sem verðlaunum fyrir dugnað í búnaði einkum í jarðabótum, eptir ákvörðun amtsráðsins, og skýrði hann enn fremur frá, að hann hefði gjört ráðstöfun til að kaupa jarðyrkjuverkfæri

(skóflur og kvíslar) fyrir fje þetta. Amtsráðið ákvað að fá framfarafjelagi Dyrhólahrepps verkfæri þessi til útbýtingar. 175

8. Sýslunefndin í Borgarfjarðarsýslu hafði farið þess á leit, að amtsráðið stuðlaði til, að hinar sjerstaklegu heilbrigðisnefndir, sem ráðgjörðar eru í 23. gr. sveitarstjórnarlaganna, kæmst sem fyrst á stofn. En þar eð hin tilvitnaða lagagrein ætlast til, að málefnið um stofnun heilbrigðisnefnda sje borið undir hreppsnefndirnar, ályktadi amtsráðið að skora á sýslunefndina í Borgarfjarðarsýslu að fara með málið á þenna hátt, og jafnframt skyldi rita öðrum sýslunefndum í amtinu í líka stefnu.
9. Forseti lagði fram nokkrar bænarskrár um styrk af því fje, sem í fjárlögum er veitt til eflingar búnaði, en sá hluti af þessu fje, sem amtsráði suðuramtsins bar að gjöra tillögur um var 3533 kr. 33 a.

Voru tillögur amtsráðsins þessar:

A. Um þann helming er á að veitast búnaðarfjelogum :

- a. að búnaðarfjelagi suðuramtsins yrðu veittar 1500 kr. eins og síðastliðið ár.
- b. að búnaðarfjelagi Seltjarnarnesshrepps yrðu veittar 133 kr. 33 a. til verkfærakaupa.
- c. að búnaðarfjelagi Mosfellssveitar einnig yrðu veittar 133 kr. 33 a. til verkfærakaupa.

B. Um hinn annan helming nefndrar fjárupphæðar :

- a. að upp í laun búfræðings þess, sem að ofan er um getið undir 4. yrðu greiddar 197 kr. 5 a., og að öðru leyti skyldi greiða upp í laun hans 202 kr. 95 a. eptirstöðvar, er amtsráðið hafði undir höndum, af fje því, er árið 1880 var veitt til eflingar búnaði; en helming launanna vonaðist amtsráðið eptir að geta fengið af því fje, sem ætlað er til Hafursár (fjárlaganna 10. gr. C. 11), eins og að ofan er á vikið.
- b. að Gísla Gíslasyni frá Bitru yrði veittur 100 kr. styrkur til að halda áfram námi sínu við skólann á Stend í Noregi.

Um nokkur bóнарbrjef um styrk, er amtsráðið hafði til meðferðar voru tillögur þess þær, er nú skal greina :

Um bóнарbrjef frá Guðmundi Ólafssyni á Fitjum, að vísa því til hlutadeigandi sýslunefndar, sem kunnugri málavöxtum, þar sem efni þess var mjög óákveðið.

Um bóнарbrjef frá sýslunefndinni í Vestur-Skaptafellssýslu um verðlaun handa Hjalta Einarssyni fyrir dugnað í sjómennsku, að vísa beiðni þessari til framfarafjells Dyrhólahrepps, sem amtsráðið hefur veitt styrk, og til sýslunefndarinnar, sem fær fje til umráða eptir fjárlögum.

Út af brjefi sýslumannsins í Gullbringu og Kjósarsýslu, er fer fram á, að Sæmundi Sæmundssyni á Elliðavatni og Sveini Jónssyni á Gufunesi verði veittur styrkur að upphæð 1000 kr. til að koma á fót síldar-veiðiskap í Grafarvogi og víðar, ljet amtsráðið það álit sitt í ljósi, að fyrirtæki þetta, ef það annars eptir atvikum álitist maklegt styrks, ætti að geta öðlast styrk af því fje, sem sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu fær til umráða.

Um bóнарbrjef frá Edilon Grímssyni um styrk til að kynna sjer síldarveiði á Eyjafirði var það ályktun amtsráðsins, að ekki væri ástæða til að sinna þessu máli og það því síður, sem það virtist liggja nær amtsráði Norður- og Austuramtsins.

10. Forseti lagði fram umkvörtun hreppsnefndarinnar í Kjósarhreppi yfir því, að sýslunefndin í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefði lagt 300 kr. úr sýslusjóði til skólans í

175

- Flensborg í Hafnarfirði. Amtsráðið ákvað að heimta tilsvær sýslunefndarinnar út af umkvörtun þessari, sjerstaklega með tilliti til þess, hvort veiting þessi kæmi ekki í bága við sveitarstjórnarlaganna 43. gr., smbr. 26. gr. nr. 4., og hvort skólinn nú þegar geti álitizt að vera sýsluskóli.
11. Út af beiðni sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu um þá breytingu á sýsluvegunum, að lagður verði niður vegurinn yfir Svínaskarð (sýsluvegur a) frá Vegamótum fyrir sunnan Leirvogsa innað Fossá fyrir handan Reynivallaháls, en að tekinn verði upp aptur sem sýsluvegur, vegurinn frá Leirvogsa, inn Kjalarnes fyrir framan Esju, Eyrarfjöll og Reynivallaháls innað Fossá — ákvað amtstráðið að leita skyldi álits sýslunefndarinnar um, hvort hinn nýji sýsluvegur þurfi mikilla endurbóta við, og hvað ætlast megi á, að þær endurbætur muni kosta.
  12. Eptir uppástungu forseta veitti amtstráðið úr jafnaðarsjóði fyrir næst komandi ár 125 kr, til sæluhússins á Kolviðarhól; þar af 100 kr. upp í laun sæluhúsbúans og 25 kr. til viðhalds húsinu.
  13. Út af kærú hreppsnefndarinnar í Dýrhólahreppi um, að sýslunefnd Vesturskaptafellssýslu hefði sett niður útsvar Markúsar Loptssonar á Hjörleifshöfða um 20 fiska án þess að leita álits hreppsnefndarinnar um kærú hlutadeiganda, ákvað amtstráðið að leita skyldi ítarlegri upplýsingar um, hvort í þessu máli í öllum atriðum hefði verið gætt þess, sem fyrirskipað er í 19. grein sveitarstjórnarlaganna.
  14. Til sýslunefndar Gullbringu- og Kjósarsýslu höfðu komið mótmæli gegn því, að sýslunefndarmaðurinn fyrir Garðahrepp sitji í sýslunefndinni, vegna þess, að hann er tengdafadir oddvita nefndarinnar, en sýslunefndin hafði úrskurðað, að sýslunefndarmaðurinn, þrátt fyrir hinar umgetnu tengdir, ekki þyrfti að víkja úr nefndinni. Þessum úrskurði hafði verið skotið til amtstráðsins, en amtstráðið fól forseta að leita álits stjórnarinnar um rjettan skilning á 4. gr., smbr. 30. gr., sveitarstjórnarlaganna, og sömuleiðis um skilning á 31. gr. nefndra laga viðvikjandi því, hvort nokkur annar en sá, sem er útilokaður úr sýslunefnd, t. a. m. minni hluti hennar, geti áfrýjað úrskurði hennar til amtstráðsins.
  15. Hreppsnefnd Bessastadahrepps hafði sent amtstráðinu umkvörtun yfir þeim úrskurði sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu: a, að hreppsnefnd Bessastadahrepps skuli greiða 21 kr. sem eptirstöðvar af meðgjöf með drengnum Ögmundi Gíslasyni veturinn 1880—81, þá er honum eptir ráðstöfun sóknarprestisins í Garðaprestakalli var komið til kennslu í skólann í Flensborg; og b, að greind hreppsnefnd einnig skuli greiða 20 kr., sem sjerstaka borgun fyrir kennslu drengsins, til eins kennara við skólann. Amtstráðið fann eptir málavöxtum ekki næga ástæðu til að breyta hinu fyrra atriði úrskurðarins, en hið síðara atriði var fellt úr gildi, og var þar um athugað, að slíkur sjerstakur kennslukostnaður naumast virtist geta talizt með þeim kostnaði, sem sveitirnar eru skyldar að borga fyrir ómaga sína.
  16. Sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu hafði gjört fyrirspurn um, hvort skylda sú að lögum hvíldi á sýslunefndunum, að greiða úr sýslusjóði kostnaðinn við embættisbækur hreppstjóra, samkvæmt því, sem ákveðið er í hinni nýju hreppstjórarreglugjörð og eptir henni í brjefi landshöfðingjans 11. jan. þ. á. Að vísu hefir amtstráðið áður (1877) úrskurðað, að hinn umræddi kostnaður skyldi greiðast af sveitar-sjóði, en hin nýja hreppstjórarreglugjörð, sem sveitarstjórnarlaganna 52. gr. 4. gjörir ráð fyrir, var þá eigi út komin. Eptir þessari reglugjörð áleit amtstráðið, að skylt sje að breyta, þangað til úrskurður dómstólanna er fenginn um þessa spurningu,

sem engin lagaákvörðun er um yfir höfuð, og engin önnur ákvörðun en sú, er reglugjörðin hefir inni að halda :

175

17. Forseti lagði fram og amtsráðið kynnti sjer eptirrit af gjörðabókum sýslunefndanna :
- Í Vestur-Skaptafellssýslu frá fundum 12. apríl 1881 og 18. s. m. 30. maí og 8. október s. á.
  - Í Austur-Skaptafellssýslu frá fundi 21. okt. 1881.
  - Í Rangárvallasýslu frá fundum 14. okt. 1881 og 15. maí 1882.
  - Í Gullbringu- og Kjósarsýslu frá fundum 15. nóv. 1881 og 8. og 9. júní 1882.
  - Í Árnessýslu frá fundi 25. apríl 1881.

Viðvíkjandi hinni síðastnefndu útskrípt var ákveðið að leita skyldi nákvæmari skýringar um áætlun um tekjur og gjöld sýslunnar 1883 (á að vera 1882), þaræð hún í ýmsum atriðum ekki er samkvæm hinni fyrirskipuðu fyrirmynd. Enn fremur var ákveðið að leita skyldi ítarlegri skýrslu sýslumannsins um þá ákvörðun sýslunefndarinnar, sem um er rætt undir 2. tölulið í útskríptinni, «að greiða 150 kr. árgjald til hreppanna» eptir afrjettarreglugjörð frá 1881, með því amtsráðinu virtist mjög óljóst hvernig afrjettamáli sýslunnar væri komið.

Í Borgarfjarðarsýslu frá fundum 7. marz og 26. maí þ. á.

Við fundargjörðina frá hinum fyrri af þessum fundum var athugað : 1. Amtsráðið felldi úr gildi þá ákvörðun sýslunefndarinnar að greiða Þórði Þorsteinssyni á Leirá úr sýslusjóði 50 kr. fyrir kostnað til að mæta á Þingvöllum 1874 á þjóðhátiðinni. 2. Sömuleiðis neitadi amtsráðið að samþykkja að svo komnu þá ályktun nefndarinnar, að greiða hinum sama manni 12 kr. sem endurgjald fyrir kostnað í þarfir sýslunefndarinnar 1877—78 og ákvað að leita skyldi ítarlegri skýringar um þessa kröfu, svo að það jafnframt sæist, hvernig á því stæði, að hún kemur svo löngu eptir það reikningsár, sem hún er miðuð við.

Við hina síðari fundargjörð var athugað, að amtsráðið eptir atvikum vildi fallast á þá ákvörðun hinnar núverandi sýslunefndar, að sleppa kröfu til endurgjalds fyrir 64 kr. 8 a., sem árið 1875 hafði verið verið úr sýslusjóði fyrir sendiferðir með embættisbrjef, og að ábyrgð á hendur hinum þáverandi sýslumanni í tilefni af þessu megi burt falla.

- Eptir ítrekuðum tillögum sýslunefndarinnar í Árnessýslu samþykkti amtsráðið, að Melavegur og Ásavegur í nefndri sýslu væru gjörðir að sýsluvegum.
- Í tilefni af áskorun landshöfðingjans ákvað amtsráðið að skipta því fje, sem ákveðið er til sýsluvega í suðuramtinu, og sem er að upphæð 2000 kr. á þann hátt, er nú skal sagt :
  - að Borgarfjarðarsýsla fái 200 kr. til að bæta sýsluvegin á aðalpóstleiðinni yfir sýsluna
  - að Gullbringu- og Kjósarsýsla fái: 100 kr. til aðgjörðar á sýsluveginum framhjá Árbø í Mosfellssveit, 50 kr. til aðgjörðar sýsluveginum frá Reidskarði uppáð Leirvogum og 100 kr. til aðgjörðar sýsluveginum meðfram Múlafjalli við Botnsvoga.
  - að Árnessýsla fái 500 kr. til að endurbæta aðalpóstveginn yfir sýsluna, austuryfir Ölfus og Flóa.

Frá öðrum sýslum, en þeim er nú voru nefndar, hafði engin beiðni komið um hlutdeild í hinu umrædda fje, en forseta var falið á hendur að benda hlutaðeigandi

175

- sýslumönnum á, að þær sýslur, einnig ættu kost á að fá hlutdeild í því, og að úthluta síðan tilhlýðilegum upphæðum til þeirra á sínum tíma, og að bæta við hinar sýslurnar, ef þær legðu fram meira fje, en þær enn hafa ákveðið.
20. Sýslunefndin í Árnessýslu hafði leitað samþykkis amtsráðsins til þeirrar ákvörðunar sinnar að jafna niður á alla hreppa sýslunnar eptir *fólksfjölda* 616 kr. 67 a. uppi kostnaðinn við alþýðuskóla sýslunnar á Eyrarbakka. En amtsráðið áleit sig ekki geta veitt samþykki sitt til niðurlögnunar þessa kostnaðar á annan hátt en sem viðauka við hið lögákveðna gjald til sýslusjóðsins, og eptir þeim reglum, er gilda um niðurlögnun þess gjalds samkvæmt 40. grein sveitarstjórnarlaganna; og vildi amtsráðið ekki vera því mótfallið, að hin umrædda upphæð 616 kr. 67 a. yrði útveguð á þenna hátt.
21. Sýslunefndin í Gullbringu og Kjósarsýslu hafði farið þess á leit, að sleppa megi tilkalli til 17 kr. er eptir úrskurði amtsráðsins átti að endurgjalda sýslusjóði sem ofgoldna upphæð til sýslunefndarmanns Rosmhvalanesshrepps fyrir ferðakostnað til sýslunefndarfundar. En amtsráðið gat ekki tekið þessa tillögu til greina, með því það varð að álíta hið umrædda gjald með öllu ólöglegt eptir 33. grein sveitarstjórnarlaganna.
22. Forseti lagði fram sýslusjóðsreikninga fyrir árið 1880 frá Gullbringu og Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Austurskaptafellssýslu og Vesturskaptafellssýslu og fyrir 1881 frá Gullbringu og Kjósarsýslu og Rangárvallasýslu. Dr. Grími Thomsen var falið á hendur að rannsaka ítarlegar reikninga þessa, ásamt þeim er enn vantar fyrir 1881.
23. Amtsráðið ræddi og samþykkti eptirfylgjandi:

Áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs suduramtsins fyrir árið 1883:

	Tekjur:	kr. a.	Kr. A.
1. Í sjóði . . . . .		2000	00
2. Niðurlögnun . . . . .		810	—
			2810 00
	Gjöld:	kr a.	Kr. A.
1. Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna. . . . .		200	00
2. Til ferðakostnaðar. . . . .		"	
3. Til kennslu heyrnar- og málleysingja. . . . .		300	—
4. Til sáttamálefna. . . . .		20	—
5. Afborgun og vextir af lánnum. . . . .		640	—
6. Kostnaður við amtsráðið. . . . .		150	—
7. Ýmisleg útgjöld. . . . .		500	—
8. Eptirstöðvar. . . . .		1000	—
			2810 00

Reykjavík 22. ágústmánaðar 1882.

*Bergur Thorberg.*

#### EMBÆTTASKIPUN.

28. dag júlímánaðar þóknadist hans hátign konunginum að skipa kandiðat Halldór Eggertsson Briem til að vera annan kennara við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum frá 1. oktbr: þ. á.

#### ÓVEITT EMBÆTTI,

er ráðgjafinn hlutast til um.

Hjeraslæknisembættið í 17. læknishjaraði, árslaun 1500 kr. Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þetta, verða þeir samkvæmt konungsbrjefi frá 8. apríl 1844 og konungsúrskurðum frá 27. maí 1857 og 8. febr. 1863 að senda með bónarbrjefum sínum tilhlýðileg vottorð um kunnáttu sína í íslenskri tungu.

Auglýst 25. júlí 1882. Bónarbrjefin eiga að vera komin 23. septbr. 1882.